Fundargerð

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Viðstaddir		
Páll B. Guðmundsson	PBG	SSH
Ómar Einarsson	ÓE	Reykjavík
Eiríkur Björgvinsson	EB	Reykjavík
Þorvaldur Daníelsson	ÞD	Form Skíðasvæðanna
Magnús Árnason	MÁ	Skíðasvæðin
Guðmundur Sverrisson	GS	Hafnarfjörður
Einar K. Stefánsson	EKS	VSÓ Ráðgjöf

Forfallaðir
Ásthildur Helgadóttir

07.02.2024

15239

Fundarritari
EKS / einar@vso.is

Tilefni
Verkefnahópur um uppbyggingu á Skíðasvæðunum

Fundur fimmtudaginn 07.02.24 kl. 10:00.

1 Síðasta fundargerð

Samþykkt.

2 Fjárhagsstaða og framkvæmdaáætlanir

EKS fór yfir skilamat verkefna ársins 2023. Áætluð útgjöld sem kynnt voru SSH í ársbyrjun voru alls 1.287 m.kr. Heildarkostnaður mun verða 1.238 m.kr, eða 49 m.kr undir áætlunum. Er þá búið að taka tillit til ógerðs reiknings frá Reykjavík til Veitna vegna byggingar spennarýmis og kostnaðar við öryggisgirðingu umhverfis forðalón snjóframleiðslu sem frestast frá 2023 til vors 2024.

Farið var yfir skilamat framkvæmda í Bláfjöllum 2021-2023. Í samningi sveitarfélaga SSH var samið um:

• Skíðalyftur (Gosi/Drottning)	2.405	m.kr
• Snjóframleiðsla og vatnsborun	575	m.kr
• Skíðagöngusvæði	100	m.kr
Alls	**3.080**	**m.kr**

Endanleg niðurstaða er 3.112 m.kr, eða 32 m.kr (1.0%) yfir áætlunum. Rétt er að taka fram að niðurstaðan er hagfelldari en ofan greinir því borið er saman við óverðbættar fjárveitingar frá ársbyrjun 2022.

3 Ullarskáli

Frekari erindi og gögn hafa borist frá Ulli sem rök fyrir ósk um kostnaðarþátttöku vegna byggingar nýs skála.

⇨ EKS mun yfirfara og senda minnisblað á verkefnahóp og samráðshóp vegna þeirra atriði sem snúa að framkvæmdum við salerni.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

4 Skálafell

EKS rifjaði lauslega upp skýrslu um innviðagreiningu í Skálafelli og kostnað/áætlanir því tengt. EKS hefur bakþanka um ýmsa þætti og telur æskilegt að fara vel yfir áherslur og áætlanir uppbyggingar í Skálafelli með samstarfsnefnd um rekstur skíðasvæðanna. Æskilegt sé einnig að samstarfsnefndin, frekar en verkefnishópur um verkefnarekstur, annist mótun áætlana um uppbyggingu á svæðinu.

- ⇨ EKS og PBG munu mæta á næsta fund samstarfsnefndar miðvikudaginn 21.02 kl. 08:00 hjá samstarfsnefndinni.

5 Næsti fundur

Stefnt er að næsta fundi seint í febrúar.

Einar K. Stefánsson

Dreifing: Fundarmenn

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026